

Umsögn vegna:

Frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, 788. mál

8. gr

Ætti að vera óþarfi að tilgreina hversvegna viðkomandi hættir í atvinnuleit. Ef það er nauðsynlegt þá væri líklega betra að hafa val um staðlaða möguleika ef vinna á einhverja tölfræðilega niðurstöðu úr því.

11. gr

Það getur orðið erfitt að útfæra þetta í litlum sveitarfélögum þar sem atvinnulífið er einhæft, atvinnutækifæri fá og lítið um námskeið í boði. Í frumvarpinu er talað um að „...svo unt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í einstökum vinnumarkaðsúrræðum.” Það verður erfitt að koma þessu við á fámennum stöðum þannig að betra væri að orða þetta „eins og kostur er”.

Í bæði frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar og í frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er ekki minnst á Svæðisvinnumiðlanir heldur ýmist þjónustustöðvar Vinnumálastofnunar og eða Vinnumálastofnun. Að okkar mati er **gífurlega** mikilvægt ef fyrirhugað er að breyta heitunum á skrifstofunum að áhersla verði á **VINNUMIDLUN**.

Við teljum best og skýrast ef skrifstofurnar hétu t.d. Vinnumiðlun Vesturlands. Það vísar bæði til starfseminnar sem og svæðisins sem skrifstofan þjónustar.

Ég vill ítreka mikilvægi þess að starfsstöðvar svæðisvinnumiðlana sé mannaðar í samræmi við verkefni þeirra og umfang. Því kerfið okkar verður hvorki skilvirkara né betra ef ekki er hægt að starfa í anda laganna, sökum manneklu. Ljóst er að þessi frumvörp kalla á mun meiri og tíðari ferðir ráðgjafa út á svæði. Einnig er mjög mikilvægt að starfsmann svæðisvinnumiðlana séu í góðum tengslum bæði við fyrirtæki og atvinnuleitendur. Atvinnutilboðum þarf að sinna eins fljótt og kostur er annars leita fyrirtæki annað og þá verður engum störfum að miðla. Ég tel því að með „virkri” vinnumiðlun, vönduðum úrræðum, góðri þjónustu við atvinnuleitendur og vinnuveitendur megi gera kerfið okkar bæði skilvirkara og betra.

Virðingarfyllst,

Guðrún Sigríður Gísladóttir,
forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Vesturlands